

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2839
komudagur 19.5.2008

19.maí 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Til allsherjarnefndar Alþingis
Þskj. 833 – 532 mál. 135. löggjafarþing 2007–2008.


Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um staðfesta samvist, nr. 87/1996, með síðari breytingum.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar þessu frumvarpi og lítur á það sem jákvætt skref í þá átt að tryggja réttindi samkynhneigðra til jafns við réttindi gagnkynhneigðra.

Félagsráðgjafafélag Íslands gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Í frumvarpinu er forstöðumönnum trúfélaga og prestum þjóðkirkjunnar veitt heimild til að staðfesta samvist. Þeir hafa þannig heimild til að ákveða að neita að staðfesta samvist para. Þjóðkirkjan er ríkisskirkja og prestar þjóðkirkjunnar eru opinberir starfsmenn með réttindi og skyldur. Að mati Félagaráðgjafafélags Íslands skýtur það skökku við að prestum þjóðkirkjunnar sé heimilað að neita að þjónusta tiltekinn samfélagshóp. Það er spurning hvort slíkt samræmist jafnréttisreglu stjórnarskrárinnar.
2. Í frumvarpinu er prestum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum trúfélaga veitt heimild til að „staðfesta samvist”. Prestar og forstöðumenn hafa vígsluheimild og því væri réttast að í frumvarpinu væri notað hugtakið „vígja samvist” í stað „staðfesta samvist” eins og lagt er til í frumvarpinu.

F.h. Félagaráðgjafafélags Íslands



Guðbjörg Ottósdóttir
félagaráðgjafi